

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/27**  
**komudagur 7.11.2011**



**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og skattanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssona**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 4. nóvember 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um formlega innleiðingu fjármálareglu. (14.mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í formlega innleiðingu fjármálareglu.*

Viðskiptaráð Íslands styður þau markmið sem koma fram í ofangreindri tillögu til þingsályktunar. Tekið er undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með tillögunni að með góðri og réttri hagstjórn má draga úr sveiflum gjaldmiðils þannig að hann nýtist hagkerfinu með sem bestum hætti.

Viðskiptaráð hefur fjallað um helstu atriði tillögunnar í skrifum sínum undanfarin misseri. Í því samhengi er sérstaklega bent á skýrslu Viðskiptaráðs *Fjármál hins opinbera – aðrar leiðir færar*<sup>1</sup> og skoðun ráðsins sem kom út júní 2010 undir heitinu *Ríkisfjármál – samstaða um bætt vinnubrögð*<sup>2</sup>. Einnig má vísa til annarra skoðana ráðsins um þessi efni, *Fjárlagafrumvarpið 2011- Niðurskurður að nafni til*<sup>3</sup> frá nóvember 2010, *Samstaða um tæknilegar skattabreytingar*<sup>4</sup> frá Nóvember 2010 og *Sagan endalaus: Ekki frekari skattahækkanir*<sup>5</sup> frá ágúst 2011. Auk þessa hefur fjöldi fréttu verið birtar á vef og vísast hér sérstaklega til röð fréttu frá október síðasta árs undir yfirheitinu *Styrkjum fjárlagagerðina*<sup>6</sup>.

Í skoðuninni *Ríkisfjármál – samstaða um bætt vinnubrögð* lagði Viðskiptaráð fram tillögur sem stuðla að bættum vinnubrögðum við fjárlagagerð sem m.a. leiða af sér framlag fjármálstefnunnar til sveiflujöfnunar í hagkerfinu, aukið aðhald og gagnsæi í ríkisfjármálum og ýtir undir bættu áætlanagerð og opnari umræðu. Þetta stuðlar að upplýstri ákvarðanatöku og auknum fyrirsjáanleika í aðgerðum stjórnvalda, sem um leið stuðlar einnig að auknum stöðugleika. Þetta er mikilvægur þáttur í að ná því markmiði sem ofangreind tillaga leggur til og hemja sveiflur hagkerfisins og krónunnar.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur

<sup>1</sup> [http://www.vi.is/files/2010.02.16%20Skvyrsla%20-%20Fiarmal%20hins%20opinbera\\_264062617.pdf](http://www.vi.is/files/2010.02.16%20Skvyrsla%20-%20Fiarmal%20hins%20opinbera_264062617.pdf)

<sup>2</sup> [http://www.vi.is/files/2010.06.14%20Skodun%20fjarlog%20nyrri\\_1283760831.pdf](http://www.vi.is/files/2010.06.14%20Skodun%20fjarlog%20nyrri_1283760831.pdf)

<sup>3</sup> [http://www.vi.is/files/2010.11.26-Skodun-Fjarlogin\\_2133178681.pdf](http://www.vi.is/files/2010.11.26-Skodun-Fjarlogin_2133178681.pdf)

<sup>4</sup> [http://www.vi.is/files/2010.11.02-Skodun-Hagkvaemni-ofar-hagsmunum\\_1276285508.pdf](http://www.vi.is/files/2010.11.02-Skodun-Hagkvaemni-ofar-hagsmunum_1276285508.pdf)

<sup>5</sup> [http://www.vi.is/files/Sko%C3%B0un%20V%C3%8D%20-%20Sagan%20endalaus\\_464275770.pdf](http://www.vi.is/files/Sko%C3%B0un%20V%C3%8D%20-%20Sagan%20endalaus_464275770.pdf)

<sup>6</sup> <http://www.vi.is/um-vi/frettir/eldra/2010/10/>

Viðskiptaráð Íslands